

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 21. mars 2024

Alþingi
Atvinnuveganefnd
v.t. Þórarinn Ingi Pétursson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um frumvarp til laga með breytingum eftir 2. umræðu um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 (framleiðendafélög), 505. mál, 154. löggjafarþingi.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á búvörulögum þess efnis að frumframleiðendum og félögum þeirra verði heimilað að eiga með sér samstarf til að vinna að hagsmunamálum. Auk þess er í frumvarpinu fjallað um eftirlit Samkeppniseftirlitsins með framkvæmd slíkra heimilda og um mörk samkeppnisréttar og búvörulaga. Þá er í frumvarpinu kveðið á um skilyrði þess að félög teljist frumframleiðendafélög.

Eins og fram kemur í greinargerð með nefndarálitni meirihluta atvinnuveganefndar benda greiningar til þess að skapa megi umtalsverðan ávinning með hagræðingu og endurskipulagningu á rekstri innlendra sláturleyfishafa í slátrun og kjötvinnslu stórgripa og sauðfjár. Hefur verið metið að rekstrarhagræðing við samþjöppun afurðastöðva geti numið á bilinu 0,9–1,5 milljörðum kr. auk þess að losa um fjárbindingu og lækka fjárfestingarþörf til framtíðar. Þá hafi nýting sláturgetu aðeins verið um 61% í sauðfjárslátrun og 31% í slátrun stórgripa á árinu 2020 og talið að sú nýting hafi lækkað enn frekar á síðustu árum.

Þá verði að telja að sú útfærsla sem lögð er til í nefndarálitinu varðandi heimildir til samstarfs vegna vinnslu, þökkunar, flutnings o.fl. séu efnislega sambærilegar og þekkist í viðmiðunarlöndum. Auk þess sem með þeim sé fylgt þeim markmiðum búvörulaga að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

Það er því einhuga afstaða stjórnar Bændasamtaka Íslands að styðja við frumvarpið enda er það mat stjórnar að samþykkt frumvarpsins feli í sér mikla hagsmuni fyrir bændur, neytendur og afurðageirann.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Trausti Hjálmarsson, formaður